

Ágætu félagar

Kári Mímisson heiti ég og er 32 ára tölvunarfræðingur úr Vesturbænum. Ég býð mig fram í framkvæmdastjórn ÍSí næstu fjögur árin. Ég er fyrrverandi afrekismaður í borðtennis en ég lék í níu ár fyrir landsliðið og þá náði ég tveimur árum í atvinnumennsku í Svíþjóð. Eftir að ferlinum lauk, sat ég í stjórn Borðtennissambands Íslands í þrjú ár. Fyrir tveimur árum var ég kosinn í Íþróttamannanefnd ÍSí og hef frá þeim tíma átt sæti í framkvæmdastjórn ÍSí sem fulltrúi nefndarinnar.

Það hefur verið mikill lærdómur að fá að sitja í stjórn ÍSí en ég sé þónokkra möguleika til að bæta hvernig stjórnin vinnur. Ég vil gera starf ÍSí aðgengilegra fyrir ungt fólk og reyna eftir fremsta megni að nútímavæða ferlana okkar eins mikið og mögulegt er. Ég vil að stjórnin sé stefnumarkandi og vinni í nánú samstarfi með sérsamböndum sínum.

Íþróttahreyfingin á mikið inni þegar kemur að nýtingu gervigreindar og ÍSí ætti að vera leiðandi í þeirri þróun. Verkefni á borð við úthlutun íþróttahúsa út frá stundatöflum þjálfara og iðkenda, gerð efnis fyrir samfélagsmiðla, einföldun skila á starfsskýrslum eða umsókna í Afrekssjóð – allt eru þetta verkefni sem hægt er að einfalda verulega með aðstoð gervigreindar.

Margt gott hefur gerst á undanförunum misserum sem ber að fagna. Hæst ber þar að nefna aukna fjárúthlutun ríkisins til Afrekssjóðs síðastliðinn nóvember sem gerði okkur meðal annars kleift að stofna Afreksmiðstöð Íslands nú fyrr í mánuðinum.

Það er hlutverk næstu stjórnar ÍSí að koma íþróttahreyfingunni á fjárlög hjá ríkinu og tryggja þar af leiðandi áframhaldandi uppbyggingu á afrekstarfinu okkar. Þá þurfum við líka að fara að berja fastar í borðið hvað varðar að hækka ríkisstyrk og ferðasjóð sem ættu réttilega að fylgja visitölu neysliverðs.

Á síðustu 10 árum hefur ríkisstyrkurinn hækkað úr 85 milljónum í 101 milljón og deilst nú á milli 34 sérsambanda í stað 30 árið 2015. Sömu sögu má sjá í ferðasjóðnum en heildarupphæð sem sótt er um í sjóðinn hefur hækkað um þriðjung á undanförunum árum en úthlutun úr honum hefur dregist saman. Þessu þarf að breyta.

Undanfarin ár hefur dómgæsla verið mér afar hugleikin en ég hef dæmt yfir 300 leiki fyrir KSÍ og er jafnframt með alþjóðleg dómararéttindi í borðtennis. Við þurfum að hlúa betur að dómarastéttinni okkar því án dómara er enginn leikur. Ég vil búa til vettvang fyrir alla dómara Íslands þar sem hægt er að leita ráða, deila þekkingu og tækla sameiginleg vandamál eins og nýliðun og áreiti utan vallar.

Ég býð mig fram til að berjast fyrir þessum málum.

Kári Mímisson